

ÍSLENDINGASÖGUR

Sannleiksgildi, mál og snilld

I

Það sem umfram allt gefur Íslendingasögum gildi sitt er það, að þær eru einmitt ekki skáldskapur, ekki það sem fornmenn vorir nefndu lygisögur. Þær eru sannar sögur, eða réttara sagt, þar er verið að leitast við að segja sannar sögur af fólki, sem mjög var frásagnarvert, og vanalega forfeður og formæður, eða frændur sögumannsins eða sögukonunnar, eins og engin vanþörf er á að taka fram, því að mönnum virðist nokkuð hafa sést yfir það, hve mikinn þátt konurnar eiga í þessari ágætu þjóðarþrýði, sem Íslendingasögur eru.

Einna ljósast verður oss e. t. v. hversu mjög sögur vorar eru í sannleiksáttina, ef vér virðum fyrir oss þær sem síst eru merkilegar og þar sem ætla mætti, að síst væri sannleiks að vænta. Tökum t. d. Finnboga sögu ramma. Hana virðist hafa ritað einhver niðji þessa sterka manns, er vildi gera sem allræmest úr þessum forföður, sem ekki er ástæða til að efast um, að verið hefir orðlagður kraftamaður. Til samanburðar höfum vér Vatnsdælu, sem að vísu er ekki saga í allra fremstu röð, en engum mundi þó koma til hugar að neita, að mikið sannleiksgildi hefir. Vatnsdæla segir, að þeir Hofsbæður, Jökull og Þorsteinn, hafi skorað á Finnboga ramma og Berg hinn rakka frænda hans, til hólmgöngu, en þeir frændur ekki komið til hólmstefnunnar, og þótti slíkt vitanlega á þeim tíma hin mesta sneypa. En samt þegir höfundur Finnbogasögu ekki yfir þessu, og má þó af því hversu gífurlegt lof hann ber á Finnboga, ráða, að honum muni hafa verið býsna óljúft að segja frá því, sem svo mjög miðaði til að kasta skugga á frægð þessa forföður; „aftredra mikil hans virðingar“ eru orðin sem höf. notar. Þá er enn fróðlegt að bera saman það sem í báðum sögum segir af brúðkaup-

inu, þar sem Finnboga og Hofsverjum lenti saman. Ekki virðist ástæða til að efa, að það brúðkaup hafi átt sér stað, og kemur skemmtilega í ljós, hvor sagan betri er og sannari. Í Vd. segir svo: „Veðráttu var eigi allgóð“ — er fara skyldi til brúðkaupsins — „ok illt yfir Vatnsdalsá, ok fórst þeim Víðdælum heldur ógreitt; létu þeir Finnbogi eftir hestana at bónda þess er bjó við ána. Áin var opin um mitt, en lágu at fram höfuðisar. Bergr mælti: „Ek mun bera yfir fólk“; ok svá gerði hann, sótti knálega; frost var á mikit ok fraus um hann klæðin.“ Og ennfremur: „Bergr var í slæðum ok skinnólpu; stóð þetta út af honum, er hann var allr frosinn, ok þurfti hann rúm mikit, ok færðisk at eldinum ok vildi þíða sik. Hann gekk þar hjá sem Þorsteinn var, ok mælti: „Gef mér rúm maðr.“ Hann gekk svá snúðugt, at Þorsteinn hrataði fyrir, ok við því búit at hann mundi falla á eldinn. Jökull sá þetta ok varð reiðr mjök; hann hélt á Ættartanga, spratt upp ok hljóp at honum, laust milli herðanna Bergi með hjöltunum svá at hann féll við áfram, ok mælti: „Hvat vill skelmir þinn, villtu eigi hlífa goða várum Vatnsdæla?“ Bergr spratt upp ok varð ákaflega reiðr ok til vápna; stóðu þá menn í milli þeira ok helt þó við at þeir myndi á berjask“, o. s. frv. Hlýst svo af þessu hólmostefnan.

Í Fbs. er frásögnin þannig: „Var hon (Vatnsdalsá) allólíleg til yfirferðar; var krapaför á mikil en lögð frá löndum.... Bergr hafði eigi orð um, enn þótti ólíklegt, at þeir mundu yfir komast. Ok eftir þat leggjast þeir til sunds báðir; bað Finnbogi Berg halda undir belti sér, leggst hann svá at hryðr um krapit, ok með færleik hans komast þeir yfir ána ok ganga þar til er þeir koma til Hofs.... Þeir ganga nú innar hjá eldinum. Finnbogi gekk fyrir. Ok er þeir koma gegnt þar sem Jökull sat, þá stingr hann höndum við Bergi ok hrindr honum, ok stakar hann at eldinum ok berr hann at honum Kol, er hann annast um eldinn eða eldana; hann hrindr Bergi þegar ok bað hann eigi hlaupa á sik. Finnbogi sér þat ok þrífr annarri hendi loðkápuna milli herða Bergi, ok réttir hann upp annarri hendi með öllum vápnum, enn annarri hendi styðr hann á herðar Jökli, ok steðjar upp yfir hann

með öllum sínum búnaði ok kom standandi niðr, ok undr-
uðust allir þenna færleik“ o. s. frv.

Mikill er nú munur sögumanna, og er áhugi lakari höf-
undarins á að segja kraftasögur af Finnboga svo ríkur, að
hann fer alveg með hann í gönur, og hann gáir þess ekki, hve
mjög hann niðrar Bergi. En augljóst virðist, að engin ástæða
er til að ætla að sagan af brúðkaupinu og hölmstefnunni sé
ekki annað en tilbúningur skáldsöguhöfundar.

II

Þá er enn mikill munur á málsnilld þessara höfunda og
hefir mér virst býsna merkilegt að veita því eftirtekt, hve
mjög aðrir kostir sögu fara vanalega eftir málsnilldinni.
Kemur þetta einnig í ljós, er vér athugum Finnbogasögu, því
að málsnilld er þar í minna lagi, en þó hefir þessi saga sinn
stíl og sitt mál, sitt sérstaka höfundarmark, eins og sögurnar
yfirleitt; en þessu hefir verið of lítill gaumur gefinn, og er þó
mjög merkilegt rannsóknarefni. Er þar um mikinn mun að
ræða á hinum ýmsu sögum, og stórfróðlegan. Hvílíkur
munur er t. d. á máli á þessum tveim stuttu sögum, sem
standa hér saman í bindi, Fb. sögu og Glúmu; mundi það
verða allmikið mál, ef rita ætti um það nokkuð nákvæm-
lega, og skal það ekki hér gert, aðeins sagt frá fáeinum af
athugunum mínum á sögumálinu, í framhaldi þess sem gert
hefir verið í fyrri bókum.

Höf. Fbs. hefir miklar mætur á orðinu „harðla“, og þykir
mér líklegt, að ekki komi það orð annarsstaðar fyrir jafn oft
í ekki lengra máli; 14 sinnum er það í sögunni. Annað
vildarorð höf. er „stórlega“, og er skrítilega notað: stórlega
fjölmennt; stórlega hár kambur; stórlega mjög fegnir; stór-
lega reiður; stórlega lítt. Öðruvísi notar Glúma það orð:
„Stórlega lætr þú nú Glúmr“, segir Þorkell hinn hávi.

Má hér um leið geta orðs í þeirri sögu, sem skrítið er og
skýringarvert. Kálfur frá Stokkahlöðum segir: „Hví skal eigi
þann hér á móti leiða dýrkáلكinn þeirra Þveræinga?“

Káلكur mun þarna vera sama og jáلكur; en það orðið til
úr gáلكur; sbr. kjáلكi, í fyrstu sennilega gáلكi: það sem

gengur til. Gálkur (jálkur) er leitt af að gá; gáll, hestur, sbr. Gaul (frb. Gál) í þýsku. Kvkv. af gáll er gála, meri. (Eftir að þetta var ritað, finn ég í orðabók Blöndals (viðbætinum), að kálkur þýði kjálki: sleðakjálki, landskjálki. Virðist mér þetta styðja það sem hér er sagt til viðbótar skilningnum á orðinu kálkur).

Í Laxdælu segir: „urðu þeir vel reiðfara“; í Eglu og Heims-kringlu: „greiddist för þeirra vel“; aldrei hitt. En í Fbs. er bæði: „urðu þeir vel reiðfara“ (22. kap.), og „greiðist vel þeirra ferð“ (19. kap.). Kemur þar til greina ef til vill, að sagan er seint rituð. Og eins í því, að þar er þegar farið að bóla á þeirri spillingu málsins, sem ég hefi nefnt þágufalls-sýki (dativismus). Álfr aftrkempa lætur ekki líf sitt, eins og vanalega er að orði komist, heldr „lætr lífinu meðr ósæmd“ (13. kap.). En eins og jafnvel í þessari sögu, sem virðist svo ólíkleg til þess, má sjá þess greinilegan vott, að rangt væri þó að líta á hana sem skáldsögu fyrst og fremst, eins má hafa það til marks um, hve ástundun sagnalistar hefir verið hér á háu stigi, að jafnvel þessi höfundur, sem kann svo miklu verr tókin á málinu en flestir aðrir, skuli þó á köflum geta sagt sæmilega frá.

III

Það væri mikið verk og mikilsvert, að bera sem vandlegast saman málið á Laxdælu, Njálu og Eglu, og skal það vitanlega ekki hér gert, aðeins leidd athygli að sumu því, sem sérstaklega er Laxdælumál. (Útg. dr. Einars Ól. Sveinssonar). Á er „óyfírfærileg“; „Þorvaldr talaði óharðfærilega“; Ólafur Tryggvason segir við Kjartan: „Eigi myndi okkr hér um harðfæri skilja“. Um Guðrúnu Ósvífursdóttur segir: „ok heldr gerði hon sér at þessu ógetit“, og enn: „Guðrún lét sér ógetit at þessu“; „Sveininum varð at þessu illa getit“; „Má vera, at honum sé eigi allr getnaðr at þessu“(!): „Um sinns sakar“ (s. 129, 136, 211); merkimáll; samstaft; einlagi. Og mætti svo að vísu lengi halda áfram. Snorraorðið „fegin-samlega“ er einusinni í Laxdælu (s. 172), eins og í Grettlu.

Skemmtilegt færi gefst oss á að bera saman málsnilld höf-

unda, þegar í tveim sögum er sagt frá hinu sama, með að heita má sömu orðum. Eins og í þessu dæmi: Eyrbyggja (um fósturu Þórodds í Álftafirði): „hon þótti verit hafa framsýn á fyrri tíðum, enn er hon eldist var henni virt til gamalóra þat er hon mælti; en þat gekk þó mart eftir sem hon sagði.“ Njála: „Kerling var sú at Bergþórshváli er Sæunn hét. Hon var fróð at mörgu ok framsýn. Enn þá var hon gömul mjök; ok kölluðu Njálssynir hana gamalæra er hon mælti mart. Enn þó gekk þat flest eftir.“

Þarna er ærinn snilldarmunur, og er þó Eyrbyggja ein af þeim sögum, sem best eru ritaðar. En höfundur Njálu hefur verið undursamlega glöggur á, hvernig hvaðeina yrði best sagt. Efast ég um, að allt til þessa dags, hafi nokkur hans jafningi verið í því efni, hér á landi.

IV

Einn af snjöllustu köflunum í Njálu er þar sem segir af sýn Hildiglúms. „Hann heyrði brest mikinn, svá at honum þótti skjálfa bæði jörð ok himinn. Síðan leit hann í vestráttina. Hann þóttist sjá þangat hring ok eldslit á ok í hringinum mann á grám hesti. Hann bar skjótt yfir ok fór hann hart. Hann hafði logandi eldbrand í hendi. Hann reið svá nær honum at hann mátti gerla sjá hann. Hann var svartr sem bik“ o. s. frv. Mun fleira vera satt í sögu þessari en jarðskjálftinn. Þetta var skömmu fyrir Njálsbrennu, og ekki þarf að því að spyrja, að mikið hefir þá verið um samband hér á landi við mjög illa staði. Hildiglúmur sagði Hjalta Skeggjasyni frá sýn þessari, en Hjalti mun sagt hafa Kára og fleirum.

Í Sturlungu segir frá sýn, sem var mjög úr annarri átt, og að vísu miklu merkilegri, en því miður ekki eins vönduð frásögnin. Hrafn Sveinbjarnarson, einn af ágætustu mönnum sem á Íslandi hafa lifað, „hafði verit á kynnisleitan í Selárdal, fór hann brott snemma um morgun ok tveir menn með honum. Þá sá þeir ljós mikit fara úr austri á móti sér frá bænum á Eyri. Hrafn sá í ljósinu þrjá menn. Þar þóttisk hann kenna sik í ljósinu ok tvá menn aðra. Þessa sýn sagði

hann fám mönnum.“ (St. I., s. 314, útg. dr. B. B.).

Hrafn hefir séð fylgiveru sína (daimón), samskonar veru og spekingurinn Plótín sá í hofi Ísisar, eins og sagt er frá í Framnýal, kaflanum „Björgun mannkynsins“; hefir honum þá virst sem hann sæi sjálfan sig, alveg eins og mér fannst, er svipað bar fyrir mig, eins og sagt er frá í áðurgreindum kafla (s. 17). Þar sem þessi sýn Hrafns Sveinbjarnarsonar er, mun nú koma til greina stillilögmálið; Hrafn hafði farið til Noregs með Guðmundi góða, samkvæmt ósk hans, en Guðmundur var vitranamaður mikill og á merkilegri leið í þeim efnum; má jafnvel segja, að hann hafi verið á leið til að verða nokkurskonar Kristur. Eins og vel kemur fram í sögu hans, var hann farinn að gera kraftaverk, eða kraftaverk farin að gerast í sambandi við hann. Fór þar illa er Guðmundur varð biskup, því að þá raufst, sakir ófriðar þess, sem alltaf síðan var í kringum hann, þetta merkilega samband, sem nokkuð segir af í prestssögu Guðmundar, og hann varð þjóðinni til mikillar ógæfu, eins og búast má við, að vandlega verði skýrt frá í Íslendingasögu hinni miklu, sem von er á. En hverjum þeim, sem kunnugt er um stillilögmálið, mun einmitt vegna ferðafélagsskapar þeirra Hrafns, þykja sennilegra, að sönn sé sagan af sýn hins ágæta manns á Eyri. — Stilliáhrif Guðmundar koma einnig fram í draumi þeim er Kolbein Tumason dreymdi fyrir biskupsdómi hans, og hann komst svo fróðlega að orði um, að Guðmundur „ætti drauminn“.